

Skilyrði fjárframlaga til rekstrar er að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlanir um rekstrarkostnað.

Framlög til stofnkostnaðar greiðast eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda liggja áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum þegar um þær er að ræða.

Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og skal þá menntamálaráðherra og kirkjuráð sameiginlega taka ákvörðun um ráðstöfun húsnæðisins í samræmi við lög nr. 82/1963.

Stofnkostnaðar- og rekstrarreikningur skal gerður í janúarmánuði og sendur ásamt fylgiskjölum ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Vilhjálmur Hjálmarsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975 og II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um breyting á þeim lögum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Síðasti málsliður 3. mgr. B-liðar 15. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973, orðist svo: Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamat eins og það var í ársbyrjun 1976, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.

#### 2. gr.

26. gr. orðist svo:

- Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:  
Af fyrstu 6 000 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 9 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0,8%.
- Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0,8% af skattgjaldseign.
- Eignarskatt, sem ekki nær 1000 kr., skal fella niður við álagningu.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1976.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Á. Mathiesen.*

**LEIKLISTARLÖG.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

Lög þessi taka, eftir því sem við á, til allrar leiklistarstarfsemi í landinu.

**2. gr.**

Ríkið rekur og kostar Þjóðleikhús og Leiklistarskóla Íslands eftir því sem fyrir er mælt í löggjöf um þessar stofnanir og í fjárlögum.

Alþingi veitir einnig árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi:

- I. Til Leikfélags Reykjavíkur.
- II. Til Leikfélags Akureyrar.
- III. Til Bandalags íslenskra leikfélaga.
- IV. Til almennrar leiklistarstarfsemi.
- V. Til leiklistarráðs.

Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlun þeirra, þó eigi lægri fjárhæð til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir skv. 3. gr.

**3. gr.**

Menntamálaráðuneytið úthlutar fé því sem veitt er í fjárlögum samkvæmt IV. lið í 2. gr., að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga.

**4. gr.**

Hlutverk leiklistarráðs er:

- I. Að vera vettvangur skoðanaskipta og umræðna um leiklistarmál og stuðla að stefnumótun á því sviði á hverjum tíma.
- II. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðuneytið, sveitarfélög og leiklistarstofnanir þær sem taldar eru í 2. gr.
- III. Að stuðla að ritun og útgáfu leikrita.
- IV. Að sinna öðrum verkefnum í þágu leiklistar í samráði við menntamálaráðuneytið.